

LÖG

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „deildarstjóri fornleifadeildar“ í síðasta málsl. 2. mgr. komi: fornminjavörður.
- b. Í stað orðsins „deildarstjóra fornleifadeildar“ í síðasta málsl. 5. mgr. komi: fornminjavarðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr. laganna:

- a. 4. másl. 3. mgr. orðist svo: Auk þess fornleifasvið sem skipta má í deildir eins og þurfa þykir og lýtur stjórn fornleifanefndar, sbr. 3. gr.
- b. Í stað orðanna „Deildarstjóri fornleifadeildar og fornleifaverðir“ í upphafi 5. másl. 3. mgr. komi: Fornminjavörður og fornleifaverðir.

3. gr.

Í stað orðanna „Fornleifadeild lætur, eftir föngum,“ í upphafi 1. mgr. 17. gr. laganna komi: Fornminjavörður lætur.

4. gr.

Í stað orðsins „Fornleifadeild“ í upphafi síðari málsliðar 19. gr. laganna komi: Fornminjavörður.

5. gr.

4. másl. 22. gr. laganna orðist svo: Rannsóknir útlendinga skulu vera undir yfirumsjón fornminjavarðar og fornleifavarðar viðkomandi svæðis.

6. gr.

Í stað orðanna „Fornleifadeild eða“ í upphafi 23. gr. laganna komi: Fornminjavörður og.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Svavar Gestsson.